

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 160/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2062/94 frá 18. júlí 1994 um að koma á fót Evrópsku vinnuverndarstofnuninni ⁽²⁾ með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1643/95 ⁽³⁾, 1654/2003 ⁽⁴⁾ og 1112/2005 ⁽⁵⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2010 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr. bókunar 31 við samninginn:

- „11. a) EFTA-ríkin skulu taka þátt í starfi Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar („stofnunarinnar“) sem starfar samkvæmt eftirfarandi bandalagsgerð:
- **31994 R 2062**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2062/94 frá 18. júlí 1994 um að koma á fót Evrópsku vinnuverndarstofnuninni (Stjtið. EB L 216, 20.8.1994, bls. 1) eins og henni var breytt með:
 - **31995 R 1643**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1643/95 frá 29. júní 1995 (Stjtið. EB L 156, 7.7.1995, bls. 1),
 - **32003 R 1654**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1654/2003 frá 18. júní 2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 38),
 - **32005 R 1112**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1112/2005 frá 24. júní 2005 (Stjtið. ESB L 184, 15.7.2005, bls. 5).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. **EB** L 216, 20.8.1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. **EB** L 156, 7.7.1995, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 38.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 184, 15.7.2005, bls. 5.

- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði við starfsemi sem um getur í staflíð a) í samræmi við ákvæði staflíðar a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
- c) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum **stjórnar** stofnunarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.
- d) EFTA-ríkin skulu tilkynna stofnuninni áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2009 frá 4. desember 2009 helstu atriði **landsupplýsingakerfa á sviði vinnuverndar** sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2062/94 með síðari breytingum.
- e) Einkum skulu EFTA-ríkin, á tímabilinu sem mælt er fyrir um í staflíð d), tilgreina hvaða stofnanir muni hafa með höndum samhæfingu og/eða afhendingu upplýsinga sem stofnunin á að fá afhentar frá hverju landi.
- f) EFTA-ríkin skulu einnig senda stofnuninni heiti **stofnana** sem **hafa aðsetur** á yfirráðasvæði þeirra og geta tekið þátt í samstarfi um tiltekin verkefni sem hafa sérstakt gildi og gegnt þannig hlutverki **verkefnaíðstöðva kerfisins**.
- g) **Stjórn stofnunarinnar** skal taka helstu þætti **kerfisins** til endurskoðunar með tilliti til þátttöku EFTA-ríkjanna áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því að henni berast upplýsingarnar sem um getur í stafl. d), e) og f).
- h) Stofnunin er lögaðili. Hún skal njóta í öllum ríkjum samningsaðila ítrasta réttshæfis og gerhæfis lögaðila samkvæmt löggjöf samningsaðila.
- i) EFTA-ríkin skulu beita gagnvart **stofnuninni** og starfsfólki hennar Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna.
- j) Þrátt fyrir ákvæði stafl. a) í 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, **KSBE**) nr. 259/68 ⁽⁶⁾, er forstjóra **stofnunarinnar** heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.
- k) Með skírskotun til 3. mgr. 79. gr. samningsins skal VII. hluti samningsins (Ákvæði um stofnanir) gilda um þessa málsgrein.
- l) Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁷⁾ skulu, að því er varðar framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2062/94, einnig gilda um þau skjöl **stofnunarinnar** sem varða EFTA-ríkin.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2010 að telja.

⁽⁶⁾ Stjtið. **EB** L 56, 4.3.1968, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. **EB** L 145, 31.5.2001, bls. 43

(*) **Stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.